

## Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.

Frá minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nýlega var samþykkt nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið af öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Um metnaðarfulla áætlun er að ræða og fagnaðarefni að öll sveitarfélögin skuli sammælast um framtíðarsýn í skipulagsmálum. Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir lestakerfinu sem hér er fjallað um og lagt til að það verði kannað nánar. Að mati minni hlutans er rétt að sveitarfélögin hefji könnun sjálf á sínum eigin forsendum áður en ríkissjóður leggur út í kostnað vegna verkefnisins.

Um er að ræða fyrirkomulag samgöngumála innan sveitarfélaganna og framtíðarsýn þeirra í þeim efnum sem rétt er að sveitarfélögin sjálf veiti forustu um að rannsaka. Á það sérstaklega við um jafn dýra framkvæmd og hér um ræðir. Má í því sambandi nefna að fyrir nefndinni kom fram að hluti hraðlestakerfisins kunni að verða neðan jarðar þegar lestin kemur inn í byggðina syðst í Hafnarfirði og þar til hún kemur að tengistöð við léttlestakerfið og mundi sú tenging væntanlega vera miðsvæðis í Reykjavík.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur minni hlutinn ekki tilefni til þess að taka efnislega afstöðu til málsins á þessu stigi.

Alþingi, 30. júní 2015.

Birgir Ármannsson,  
frsm.

Haraldur Einarsson.

Vilhjálmur Árnason.